

Fundargerð 40. fundar stjórnar Reykjanes jarðvangs ses., haldinn 8. desember 2017, kl. 9:00 í fundarsal SSS, Skógarbraut 945, Ásbrú í Reykjanesbæ.

Mætt eru: Kjartan Már Kjartansson, Magnús Stefánsson, Fannar Jónasson, Berglind Kristinsdóttir, Sigrún Árnadóttir, Ásgeir Eiríksson, Atli Sigurður Kristjánsson, Hanna María Kristjánsdóttir, Kristín Vala Matthíasdóttir og Sigrún Elefsen

Starfsmenn: Eggert Sólberg Jónsson (verkefnastjóri) og Þuríður H. Aradóttir

1. Breyting á stjórn

Bláa Lónið hefur tilnefnt Atla Sigurð Kristjánsson í stjórn í stað Magneu Guðmundsdóttur.

2. Landvarsla í Reykjanes Geopark

Á fundinn mættu Ásta Davíðsdóttir og Hanna Valdís Jóhannsdóttir landverðir en þær hafa sinnt landvörslu í Reykjanes Geopark á vegum Umhverfisstofnunar síðan í september. Auk hefðbundins eftirlits hafa þær unnið ástandsmat á þeim svæðum sem þær hafa haft umsjón með. Óljóst er hvort landverðir verða starfandi í Reykjanes Geopark 2018. Ljóst er að mikil þörf er á heilsárslandvörslu í Reykjanes Geopark og er formanni og verkefnastjóra falið að ræða við Umhverfis- og auðlindaráðuneytið.

3. Uppbygging áningarstaða

Framkvæmdum við Gunnhver lýkur fyrir lok apríl. Útbúið verður nýtt bílastæði vestan við hverasvæðið og ný gönguleið sem tengir bílastæðið við hverasvæðið. Þeir pallar sem eru til staðar í dag verða stækkaðir lítillaga og efni borið í núverandi stíga. Efni var sett í Reykjanesvitaveg í nóvember og grafið fyrir röri. Vonir standa til að hægt verði að opna Reykjanesvita fyrir almenningi á næsta ári þegar 110 ár verða liðin frá því hann var tekinn í notkun. Forsvarsmenn Reykjanes Aurora gera ráð fyrir því að þjónustumiðstöð við Reykjanesvita opni í apríl 2018.

4. Áætlun um uppbyggingu áningarstaða í Reykjanes Geopark

Drög að uppfærðri áætlun um uppbyggingu áningarstaða í Reykjanes Geopark lögð fram. Áætlunin byggir á þeim gögnum sem Reykjanes Geopark sendi Global Geoparks Network 2012 og 2015 auk þeirra upplýsinga sem sveitarfélögin sendu Umhverfisráðuneytinu í tengslum við vinnu við Landsáætlun um uppbyggingu innviða fyrir ferðamenn til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum. Verkefnastjóra falið að vinna frekar í málinu milli funda.

5. Möguleg gjaldtaka á áningarstöðum fyrir ferðamenn

Stjórn Reykjanes Geopark hefur kannað hug sveitarfélaga á svæðinu til gjaldtöku á áningarstöðum fyrir ferðamenn. Formanni og verkefnastjóra falið að afla frekari gagna fyrir næsta fund stjórnar.

6. Íbúafundur í janúar og febrúar

Reykjanes Geopark og Markaðsstofa Reykjaness munu standa fyrir opnum íbúafundum í janúar og febrúar í öllum sveitarfélögum á Suðurnesjum. Á fundunum verða verkefni RGP og MR kynnt auk þess sem opið verður fyrir almennar umræður um verkefni félaganna.

7. Vetrarfundur ferðapjónustunnar í mars

Rætt um vetrarfund ferðapjónustunnar á Reykjanesi 2018 sem að fram fer í mars. Samþykkt að leggja áherslu á ábyrga ferðapjónustu í dagskrá fundarins.

8. Drifting Apart verkefnið

Verkefnastjóri sagði frá stöðu mála varðandi Drifting Apart verkefnið sem styrkt er gegnum Norðurslóðaaætlunina (NPA). Styrkurinn nýtist m.a. í námsefnisgerð og aukinn sýnileika. Dagana 27. og 28. febrúar 2018 fer fram alþjóðleg ráðstefna í Keili um geoparka. Verkefninu lýkur vorið 2018.

9. Tilnefning í samráðshóp um Suðurnesjalínu

Samþykkt var gegnum tölvupóst þann 20. nóvember sl. að tilnefna Hönnu Maríu Kristjánsdóttur og Eggert Sólberg Jónsson í verkefnaráð vegna Suðurnesjalínu 2. Stjórnin staðfestir tilnefninguna.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:55.

Fundargerð ritaði: ESJ